

Fundargerð stjórnar BÍS 11/2012.

miðvikudaginn 25. apríl 2012 kl. 18:00 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

Fjarverandi:

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs og Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs.

Gestir undir lið 5:

Hrólfur Jónsson, mótstjóri og Elsí Rós Helgadóttir, verkefnastjóri LM 2012.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt
3. Starfsyfirlit skrifstofu: Lagt fram
4. Samþykktir Æskulýðsvettvangsins og starfsyfirlit landsmóts, afmælisárs og Friðarþings lagt fram.
5. Landsmóts skáta: Undirbúningur er á áætlun. Búið er að manna allar stöður. Fjöldi í dag er: Erlendir skátar 491 og innlendir skátar 635. Alls eru skráðir 1.228. Fjárhagur lítur vel út, en þó vantar enn að semja við nokkra styrktaraðila.
6. Starfsgrunnur fyrir rekka- og róverskáta: Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
7. Leiðangursmerki BÍS: Afgreiðslu frestað.
8. Stefnumótun WOSM: ÓP kynnti þýðingu sem hann hefur lagt drög að. Efnid verður rætt áfram.
9. Gilwell leiðtogaþjálfun: ÓP kynnti hugmyndir að myndun teymis sem annast mun framkvæmd Gilwell leiðtogaþjálfunina.
10. Framkvæmdastjórafundur: HS sagði frá fundi framkvæmdastjóra norrænu skátabandalaganna sem haldinn var á Íslandi í liðinni viku.
11. 7th Educational Methods Forum í Rúmeníu: JIB er í undirbúningshópi og þátttakendur BÍS verða Inga Auðbjörg Kristjánsdóttir, fræðslustjóri og Jakob Guðnason, dagskráráði.
12. Sumardagurinn fyrsti: Hátíðahöldin gengu almennt vel og mæting í Hallgrímskirkju var góð. BB heisótti Vífil, HSG heimsótti Mosverja, HGH heimsótti hraunbúa og JIB heimsótti Kópa.
13. Önnur mál:
 - a. Öflun styrkja til LM 2012: HS veitt heimild til að ráða starfsmann til að sinna þessu verkefni.
 - b. Endurskoðun reglugerða BÍS: BB og JA falið að undirbúa vinnhóp um verkefnið.
 - c. Svæðisforingjar: Sameiginlegur fundur sem vera átti 21. apríl féll niður. Þörf er á því að finna amk. 3 nýja svæðisforingja.
 - d. Innleiðingarnámskeið: Öll innleiðingarnámskeið sem áætluð voru nú í vor hafa fallið niður.
 - e. Mótsstjóri WSM 2017: Umræðu frestað.
 - f. Útgáfa skátafrímerkis: Frímerki sem gefið er út í tilefni 100 ára afmælis skátastarfs á Íslandi verður gefið út 3. maí.

14. Umræður: Vinnufundur stjórnar: HS og JA falinn undirbúningur fundarins sem haldinn verður laugardaginn 5. maí.

Fleira ekki rætt
Fundu slitið kl. 20:00
Fundargerð ritaði JA.